

## Stjórnarfundur í félagi íslenskra félagsliða.

Stjórnarfundur haldinn 15. október 2012 kl.19:30 að Grettisgötu 89,Reykjavík. (SFR )  
og fjarfundarbúnaður sendur út frá Farskólanum á Sauðárkróki.

Mættar eru Salvör Sigríður Jónsdóttir ( Sallý ) formaður, Árdís Jónasdóttir gjaldkeri,  
Elva Hlín Harðardóttir, Guðrún Ásta Björgvinsdóttir, Olga Alexandersdóttir  
meðstjónendur, Birna Jónsdóttir ritari og Rebekka Alvarsdóttir skoðunarmaður  
reikninga. Á fundinn vantaði Guðbjörgu Benjamínsdóttur varaformann , Birnu  
Sigurðardóttur og Hafdís Sverrisdóttur varastjórn.

Helstu mál á dagskrá fundarins eru :

Kynningarbæklingur loka umræða , E-mail. ,greiningarferð , kynningarferð, tilboð í  
penna., Löggildingin , fréttabréfið og önnur mál.

Ritari las upp fundagerð síðasta stjórnarfundar.

Farið yfir kynningarbæklinginn áður en hann fer í prentun og samþykkt að semja  
við Guðjón Ó um prentun á bæklingnum . Ákveðið að senda bæklinginn til  
sveitafélaga , heilsugæslustöðva, skóla , sambýla, skamtímavistana , dagdeilda og  
vinnustofur fatlaða, þá kom líka upp sú hugmynd að fá samband íslenskra  
sveitafélaga til að kynna bæklinginn.

Samþykkt að búa til ný E-mail.

Greiningarvinna fólst í að skoða hjá sveitafélögunum á landinu hversu margir  
félagsliðar starfa hjá þeim , það kom fram á fundinum að ennþá er að  
berast svör frá þeim.

Ákveðið að penninn verði hvítur með merkinu okkar , Guðrún Ásta tók að sér að  
leita tilboða og panta hjá fyrirtækinu Bros , samþykkt að taka 500 stk . af pennum .  
Með löggildinguna ( lögverndinguna ) ákveðið að leita til einstakling með lögfræði  
kunnáttu til að hjálpa til með að fara yfir stöðuna eins og hún er í dag.

Við veltum því fyrir okkur hvernig við gætum kynnt félagsliðan betur fyrir  
sveitafélögunum, svo staðan yrði metin jafnt á landsvísu .

Ákveðið að bíða með það til eftir áramót og fara yfir stöðuna með Árna og skoða  
framhaldið , með það að senda nýja umsókn.

Samþykkt að heimasíðan verði fullunnin 10. apríl 2013 , vinna er í gangi og stefnt á  
að fyrstu drög að henni verði tilbúin á fyrsta fundi 2013.

Ákveðið að fréttablaðið ( A4 blað ) til félagsmanna fari í vinnslu og að fyrsta fréttablaðið verður sent út til allra á þeirra heimilisfang , þá var ákveðið að annað fréttablaðið fari á link á heimasíðunni þegar hún verður tekin í notkun  
Samþykkt að kynna félagsliða betur og var tekin ákvörðum að Olga taki að sér að skrifa greinar á Mbl. og senda á fréttablaðið og fylgja því eftir um hvernig mismun á milli stöðu félagsliðan í Menntamálaráðuneytinu og Velferðarráðuneytinu  
Önnur mál:

Formaður sagði frá BRSB þingi sem hún sat .

Það kom fram á fundinum að það er viðtal við Sallý formann í næsta blaði SFR / ST.RV vegna þingsins .

Umræða , með bílastyrkinn og greiðsla er ákveðin fyrir 2 ferðir á stjórnarfund.

Samþykkt að selja ekki atvinnuauglýsinar sem birtar eru á heimasíðunni.

Næsti fundur áætlaður 12.nóvember 2012 .

Fleira ekki tekið fyrir ,fundi slitið

Birna Jónsdóttir